

## Skapandi sumarstörf, greinargerð spurningalista

Akureyrarbær hefur undanfarin ár boðið ungmennum 18-25 ára að taka þátt í skapandi sumarstörfum. Þar er lögð áhersla á listir og samþættingu mismunandi listforma, svo sem ljósmyndunar, gjörninga, hönnunar, tónlistar, teikningar og myndlistar. Markmið starfsins er að starfsmenn fái innsýn í starfsvið listamanna og öðlist reynslu og þekkingu sem nýtist til framtíðar í skapandi listgreinum og á almenna vinnumarkaðinum. Starfsmenn eru hvattir til að velja sér verkefni í samræmi við eigið áhugasvið og vinna út frá því. Einnig er lögð áhersla á fara sínar eigin leiðir og að virkja innri sköpunarmátt hvers og eins með ýmsum aðferðum, s.s. hugleiðslu og hópefli til að efla samvinnu og sjálfsöryggi. Vinnurýmið er flæðandi og opið og miðast er við að hver og einn tileinki sér góð vinnubrögð. Við vildum skoða hverjar væntingar starfsmanna voru til starfsins og almennt viðhorf þeirra til þess. Við vildum skoða þetta í upphafi starfsins og einnig í lok þess og bera síðan saman niðurstöður. Til þess að kanna væntingar og viðhorf starfsfólks til skapandi sumarstarfa voru útbúnir tveir spurningalista. Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum beggja spurningalista, og niðurstöður þeirra útlistaðar.

### Fyrri spurningalisti

Starfsmenn voru beðnir um að huga vel að hverri spurningu og svara af nákvæmni, eftir bestu getu. Þær spurningar sem lagðar voru fyrir í fyrri spurningalista sneru að væntingum, markmiðum, andlegri og líkamlegri líðan, hvernig þau vildu bæta sig og almennt um áhuga varðandi starfsemina.

Spurt var hverjar væntingarnar væru varðandi skapandi sumarstörf. Stór hluti sagðist vildu læra meira um list og fá aðstoð við að efla listræna hæfileika sína hvað varðar tækni, útfærslu og hugsun. Einnig fá aðstoð við listrænar ákvarðanir. Einnig var lagt upp úr því að starfið yrði áhugavert og krefjandi en jafnframt skemmtilegt. Starfið væri tilvalinn vettvangur til að kynna skapandi fólki, efla venskap og sjálfsöryggi, vinna að og klára stærri verkefni og sýna eigin verk.

Einnig var spurt um markmið og hvað starfsmenn vildu fá út úr starfinu. Almennt stefndi fólk að því að auka listræna færni og verða almennt betri listamenn. Einnig efla ímyndunarafli og styðja undir hugmyndavinnu. Mikilvægt væri að vera opin fyrir því að þróa sig og sína list í krefjandi umhverfi og læra að koma henni í rétta átt, sem og að vinna að stærri verkum. Starfið

yrði einnig vettvangur til aukins vinskapar og tækifæri til að eiga auðveldara með að mæta til vinnu.

Spurt var hvað starfsmenn sæju fyrir sér að þeir fengju út úr starfinu. Almennt var talað um aukna reynslu og þekkingu á list og að verða virkari listamenn. Auka listræna hæfileika og fá tíma til þess að sinna list og listræna aðstoð hvað varðar tækni, útfærslu hugmynda og geta haldið sig við verkefni. Sýna skýr skilaboð með verkefninu um það sem skiptir máli þótti mikilvægt og þá til að vekja fólk til umhugsunar í gegnum list. Starfið væri einnig góður vettvangur til þess að kynnast fólki sem og að vinna með og minnka kvíða.

Andleg og líkamleg heilsa í starfi er mikilvæg og með því að stuðla að vellíðan í starfi gengur okkur betur að sinna verkefnum og ná markmiðum sem við setjum okkur. Starfsmenn voru beðnir um að segja frá hvað þeir hyggðust gera til þess að þeim liði vel í starfinu, hvaða leiðir þeir færu til að tryggja eigin vellíðan. Spurningin vafðist fyrir þó nokkrum. Tónlist spilaði stóran þátt, einnig næring og góður svefn sem er vafalaust grunnur að vellíðan. Mikilvægt þótti einnig að virða sín mörk og taka sér pásu þegar þörf krefðist, ekki að ofreyna sig. Að ögra sjálfum sér en fjarlægja sig úr aðstæðum ef þær yrðu of óþægilegar. Passa að inniloka sig ekki og tala við samstarfsmenn, ekki ofhugsa allt.

Sjálfsþekking skiptir máli í vinnu. Starfsmenn voru spurðir hvað þeir ætluðu að gera til að læra að þekkja sjálfa sig betur. Stór hluti átti í erfiðleikum með að svara spurningunni. Nokkrir sögðust velja að fá útrás í gegnum list og tjáningu, t.d. með því að teikna, mála, skrifa og búa til karaktera. Stundum er erfitt að skilja eigin líðan og af hverju hún stafar og þá getur listræn tjáning verið góð lausn til að losa um tilfinningar. Líka mikilvægt að ögra sjálfum sér, gera krefjandi hluti og prófa sig áfram.

Þá voru starfsmenn beðnir um að greina frá eigin styrkleikum og eins að segja frá því sem þeir vildu bæta hjá sér. Starfsmenn þekktu margir hverjir vel hjá sér sína listrænu styrkleika og greindu frá því að þeir hefðu þörf fyrir að skapa, hefðu jafnvel reynslu sem kæmi þeim vel við að vinna verkefni svo að boðskapur þess myndi skila sér. Sumir þekktu vel sína listrænu styrkleika og jafnvel almenna styrkleika. Þó nokkrir áttu erfitt með að nefna og greina frá eigin styrkleikum en vildu verða almennt betri listamenn og læra mismunandi tækni, verða betri í því sem þeim finnst skemmtilegt. Einnig að auka þolinmæði og úthald og koma fram hugmyndum á skýrari hátt. Vinna með kvíða og eiga auðveldara með að mæta til vinnu.

Starfsmenn voru spurðir hvernig þeir ætluðu að virða eigin mörk. Stór hluti átti í erfiðleikum með að nefna og skilgreina eigin mörk. Fyrir suma þótti mikilvægt að taka sér pásu

og ekki vinna í langan tíma eða í hávaða. Sumir sögðust eiga erfitt með að vera í kringum fólk í lengri tíma og fannst mikilvægt að draga sig til hliðar þegar áreiti yrði of mikið.

Starfsmenn voru beðnir um að segja frá hvernig þeir hefðu hugsað sér að stuðla að jákvæðum anda innan hópsins. Tillitssemi og virðing kom upp, vera jákvæð og koma vel fram við hvert annað, ekki baktala. Ekki vera með neitt vesen. Líka mikilvægt að taka þátt í samræðum, fíflast og hlægja. Bjóða fram hjálp sína ef einhvern skildi vanta aðstoð eða ráð varðandi verkefnið sitt. Einn starfsmaður sagði að það væri betra að vera ekki hluti af hópnum.

Starfsmenn voru mest spenntir yfir því að fá að vinna við list og sögðust hlakka til að sjá verkefnin fullkláruð. Það að fá tíma til þess að sinna list þótti mörgum mikilvægt. Það skipti máli að geta staðið á eigin fótum, og að verkefnin gengju vel. Það þótti líka spennandi að sjá hverju yrði áorkað á tímabilinu. Nokkrir starfsmenn sögðust ekki vita hverju þeir væru spenntir yfir.

### **Í stuttu máli...**

List spilar stóran þátt og að efla listræna færni. Þróast sem listafólk. Skila af sér góðu verki.

Kynnast fólki, sérstaklega skapandi fólki, minnka kvíða.

Margir áttu erfitt með að skilgreina mörk, og sjálfsþekking var ekki mjög skýr.

Styrkleikar sem nefndir voru tengdust listum, og meirihluti hópsins virðist kunna að meta þessa hæfileika sína. Sumir greindu ekki frá styrkleikum.

Margir vildu bæta sig í tækni og vinna með að minnka kvíða, eiga auðveldara með að mæta til vinnu.

Margir vildu stuðla að jákvæðum anda innan hópsins með því að vera tillitssöm og sýna hvert öðru virðingu. Góður andi innan hópsins virtist skipta lang flesta máli.

Seinni spurningalisti

Við lok sumars lögðum við fyrir annan spurningalista. Aftur voru starfsmenn beðnir um að svara hverri spurningu af vandvirkni og eftir sinni bestu getu. Uppsetning var með svipuðu móti og áður og sneru spurningar að markmiðasetningu, líðan í starfi, hvernig hefði gengið o.þ.h.

Til að byrja með spurðum við hvernig starfsmenn sæu fyrir sér að það sem þeir höfðu lært í starfinu myndi gagnast þeim í framtíðinni. Margir sögðust geta nýtt það sem þeir lærðu í framtíðinni sem listamenn. Það að hafa fengið leiðsögn hvað varðar tækni skipti flesta miklu máli sem og að vera betri í að koma fram eigin hugmyndum í tali og niður á blað. Einnig aukin geta til að nota eigið ímyndunarafl. Starfið væri auk þess góður vettvangur til þess að geta mætt reglulega til starfs.

Í framhaldinu var spurt hvernig og hvort væntingar starfsmanna hefðu staðist. Flestir tjáðu sig um það að eigin væntingar hefðu staðist fyllilega. Hæfileikar og færni hvað varðar tækni í myndlist hefðu þróast og starfsmenn hefðu meiri trú á eigin getu. Sumir hefðu þó viljað að þeim gengi betur og að afköst hefðu verið meiri.

Spurt var hvernig hefði gengið að setja sér markmið, hvort þau markmið sem sett voru hefðu verið nógu skýr, og hvað hefði farið öðruvísi en búist var við. Flestum gekk nokkuð vel að setja sér markmið en að standa við þau gekk misvel. Margir höfðu sett sér skýr markmið en hefðu þurft aðeins meira skipulag til þess að ná þessum markmiðum. Að fara eftir markmiðum hefði ekki gengið eins greitt og ætlunin hafði upphaflega verið. Eftir á að hyggja hefði kannski reynst betur að setja sér skýr markmið svo að vinnan gengi betur. Nokkrir töldu sig vera orðnir betri.

Spurt var hvaða verkefni starfsmönnum hefði þótt skemmtilegast. Flestir töluðu um að þeirra eigin verkefni hefðu verið skemmtilegust. Hugmyndavinnan spilaði einnig þátt og undirbúningur fyrir verkefni. Einn starfsmaður sagðist hafa fundist gjörningurinn með kóresku listakonunni skemmtilegasta verkefnið.

Þá var spurt hvað hefði mátt betur fara. Margir hefðu viljað ná að klára fleiri verkefni, og almennt að það hefðu boðist fleiri verkefni. Betra og aukið skipulag hefði jafnvel mátt vera til staðar. Sumir hefðu viljað standa sig betur í að mæta og hafa vilja til þess að mæta og vinna. Tilfinningastjórn var einnig nefnd.

Spurt var um almenna líðan í starfinu og hvort starfsmenn hefðu fengið þann stuðning sem þeir þurftu. Í langflestum tilvikum sögðust starfsmenn hafa fengið þann stuðning sem þeir þurftu og að tekið hefði verið tillit til líðan þeirra. Flestir tjáðu sig um það að þeim hefði liðið vel í starfinu. Það hefði verið erfitt fyrir suma í byrjun en svo hefði líðan batnað. Andrúmsloftið hefði

verið afslappað og hópurnir góður. Einhverjir tjáðu sig um það að þeim hefði liðið vel þrátt fyrir að finnast þreytandi að vera í kringum fólk. Einn starfsmaður tjáði sig um að honum hefði liðið vel fyrir utan gjörninginn. Það var lítið um vandamál og ef þau komu upp var tekið á þeim eins fljótt og mögulegt var.

Spurst var fyrir um hvernig hefði tekist að leysa úr verkefnum, hvort það hefðu verið einhverjar áskoranir og hvernig hefði þá tekist að leysa úr þeim. Starfsmönnum þótti flestum ganga vel að leysa verkefni. Það hefðu þó sannarlega verið krefjandi áskoranir. Sumt þótti erfitt að túlka í gegnum list. Sumt var erfitt af því að það var nýtt, eins og að læra aðferðir í list og einnig félagslegar áskoranir, sérstaklega í verkefninu með kóresku listakonunni. Sumir létu eitthvað skemma fyrir sér þó að það hefði tekist að leysa úr áskorunum.

Spurt var um samskipti innan hópsins, hvernig þau hefðu gengið og hvernig starfsmönnum hefði tekist að tengjast samstarfsfélögum. Öllum þótti samskipti hafa gengið vel innan hópsins og að öll væru góð hvert við annað. Samstarfsfélagar væru skemmtilegir og andrúmsloftið gott. Sumum þótti erfitt að tengjast hópnum og tengdust engum sérstaklega mikið. Nokkrir voru mest einir en náðu þó að tengjast hópnum örlítið þrátt fyrir það. Margir þekktust fyrir og það gerði samskipti auðveldari fyrir suma.

Þá var spurt hvort starfið hefði boðið upp á krefjandi verkefni sem hefði verið gaman að glíma við. Flestum þótti starfið bjóða upp á krefjandi verkefni. Sumt hefði þó verið skemmtilegra en annað. Mörgum þótti einnig skipta máli að hafa frelsi til þess að vinna eftir sínu höfði. Það hefði þó þurft að hugsa út fyrir rammann t.d. til að túlka texta á mynd, læra nýjar aðferðir í listsköpun, prófa sig áfram o.þ.h. Gjörningurinn þótti krefjandi en starfsmönnum þótti hann ekki öllum jafn skemmtilegur.

Spurt var hvort starfsmenn væru ánægðir með hvernig þeir hefðu leyst verk sín af hendi. Flestir sögðust vera ánægðir með afköstin. Sumir voru ánægðari með sum verk en önnur, það kom nokkrum á óvart hvað gekk vel en sumir hefðu viljað geta gert betur.

Spurt var hvað þótti erfitt og sömuleiðis auðvelt í starfinu. Margt þótti strembið en það sem þótti almennt auðvelt tengdist eigin verkefnum og eigin listsköpun. Verkefni kröfðust þolinmæði og þrautseigju en það fylgdi því ákveðin frelsistilfinning að geta gert það sem mann langaði til. Sumir sögðu líka að það hefði reynst þeim erfitt að skipuleggja. Nokkrir nefndu að eigin verkefni eða partur af verkefninu hefði verið erfiðastur. Það þótti líka erfitt að sinna listsköpun þegar viðkomandi var dottinn úr gírnum. Nokkrum þótti verkefnið með kóresku listakonunni erfiðast og vildu frekar halda sig við sín eigin verkefni. Einhverjum þótti erfiðast að

mæta til vinnu og halda sér á staðnum. Sumt varðandi tækni þótti erfitt en þó oft auðvelt að koma hugmyndum fram.

Spurt var hvað hefði skilið mest eftir. Það þótti flestum óvíst. Það þótti þó gaman að sjá hvað hinir voru að gera og að sjá framfarir hjá sjálfum sér.

Almennt þótti reynslan af starfinu mikilvæg og gott tækifæri til þess að læra meira um list, efla listræna færni og hæfileika. Það hefði þó mátt vera meira skipulag að mati sumra. Það hefði einnig verið gott að vera komin með sýningarsal fyrirfram. Þá væri á hreinu hvenær lokasýning yrði og engin óvissa í tengslum við það.

### **Í stuttu máli....**

Starfið þótti gott tækifæri til þess að læra meira um list, efla listræna færni og hæfileika.

Listræn færni og kunnátta þróaðist hjá starfsmönnum og þeir höfðu aukna trú á eigin getu varðandi list.

Margir höfðu sett sér skýr markmið en hefðu þurft aðeins meira skipulag til þess að ná þessum markmiðum.

Betra og aukið skipulag hefði almennt getað stuðlað að meiri afköstum og ýtt undir áhuga hjá sumum starfsmönnum.

Flestir töluðu um að þeirra eigin verkefni hefðu verið skemmtilegust.

Margir hefðu viljað ná að klára fleiri verkefni, og almennt að það hefðu boðist fleiri verkefni.

Flestir tjáðu sig um það að þeim hefði liðið vel í starfinu.

Vel gekk að vinna verkefni, og starfið bauð upp á krefjandi áskoranir, bæði tengdar list og einnig félagslegar.

Samskipti innan hópsins gengu vel. Andrúmsloftið var afslappað og hópurinn góður.

Það skipti starfsmenn máli að hafa frelsi til þess að geta skapað það sem þá langaði til.

Gjörningurinn þótti krefjandi en starfsmönnum þótti hann ekki öllum skemmtilegur.

## Niðurstöður

Starfið er góður vettvangur fyrir unga listamenn sem vilja efla færni og kunnáttu sína varðandi list, og þróast sem listamenn. Starfsemin stuðlar oftast en ekki að góðum og opnum samskiptum meðal starfsmanna og þykir líðan almennt góð. Starfsmenn vilja stuðla að jákvæðu andrúmslofti. Starfið er gott tækifæri til þess að kynnast öðru fólki með svipuð áhugamál. Starfsrýmið er fremur opið og flæðandi sem gefur starfmönnum ákveðið frelsi en þó gæti skipulag verið meira. Starfsmönnum reyndist mis auðvelt að setja sér markmið og að ná þeim fram. Starfið þykir krefjandi, og býður upp á bæði listrænar áskoranir og félagslegar. Þá er einnig farið aðeins út fyrir þægindarammann.

Birna Pétursdóttir tók saman.

Akureyri, 2019.